

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
11. júní 2012
8.11.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. júní 2012
Tilvísun: UST20120200117/edk


Staðfesting á úrbótum móttékin – máli lokið


Umhverfisstofnun vísar í bréf, dagsett 23. janúar 2012, þar sem óskað var eftir áætlun um úrbætur á 3 frávikum og 3 athugasemdum sem komu fram við eftirlit á urðunarstað við Uxafótarlæk þann 17. ágúst 2012. Frávikin sem um ræðir voru til komin vegna ófullnægjandi girðingar, og þess að viðbragðsáætlun og neyðaráætlun höfðu ekki borist Umhverfisstofnun. Athugasemdirnar þrjá vörðuðu umgengni á svæðinu, þá sérstaklega malbik og seyru, en ekki er heimilt að urða þessa úrgangsflokka á Uxafótarlæk.

Í svörum rekstraraðila, sem bárust Umhverfisstofnun 26. janúar sl., kemur fram að lokið hafi verið við að girða urðunarsvæðið síðasta sumar. Þann 1. febrúar sl. bárust Umhverfisstofnun viðbragðsáætlun og neyðaráætlun frá Mýrdalshreppi, sem unnar voru árið 2010 af verkfræðistofunni Mannvit, hvoru tveggja er talið fullnægjandi að mati stofnunarinnar, nema hvað skrifalega staðfestingu frá þeim móttökuaðilum sem nefndir eru í viðbragðsáætlun vantaði. Þann 11. júní 2012 fékk Umhverfisstofnun slíka staðfestingu frá Hulu bs. og Sorpstöð Rangárvallarsýslu. Öllum þremur frávikum telst því lokið með fullnægjandi úrbótum.

Í svörum rekstraraðila, frá 26. janúar sl., kemur fram að umgengni á og við syðri urðunarstaðinn verði bætt og að lögð verði áhersla á að fylgja því eftir að einungis óvirkur úrgangur verði urðaður á Uxafótarlæk. Umhverfisstofnun tekur þessar skýringar gildar og mun skoða þessi atriði í næsta reglubundna eftirliti og hugsanlegu fyrirvaralausum eftirliti ef ástæða þykir til.

Virðingarfyllt


Sigríður Kristjánsdóttir
deildarstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur